

ÚTHLUTUN TIL NÝRRRA VERKEFNA ÚR RANNSÓKNASJÓÐI

2009

Stjórn Rannsóknasjóðs hefur lokið við úthlutun til nýrra rannsóknaverkefna fyrir árið 2009; um 314 milljónum króna var úthlutað. Þrjár tegundir styrkja voru í boði: öndvegisstyrkir, rannsóknastöðustyrkir og verkefnastyrkir.

Alls bárust 237 umsóknir í Rannsóknasjóð að þessu sinni og var 51 þeirra styrktar eða 21,5% (fjöldi). Sótt var um ríflega 1,3 milljarða króna en um 314 milljónum króna veitt eða 23,8% (upphæð). Meðalupphæð umsókna var um 5,5 milljónir króna en meðalupphæð styrkja nú er ríflega 6,1 milljón króna.

Alls bárust 15 umsóknir um öndvegisstyrki og voru 4 þeirra styrktar eða 26,7% (fjöldi). Sótt var um ríflega 316 milljónir króna en tæplega 89 milljónum króna veitt eða 28,1% (upphæð). Hlutfall öndvegisstyrkja af úthlutun Rannsóknasjóðs fyrir árið 2009 er 7,8% af fjölda en 28,3% af upphæð.

Alls bárust 29 umsóknir um rannsóknastöðustyrki og voru 5 þeirra styrktar eða 17,2% (fjöldi). Sótt var um ríflega 135 milljónir króna en rúmum 22 milljónum króna veitt eða 16,6% (upphæð). Hlutfall rannsóknastöðustyrkja af úthlutun Rannsóknasjóðs fyrir árið 2009 er 9,8% af fjölda en 7,2% af upphæð.

Alls bárust 194 umsóknir um verkefnastyrki og voru 42 þeirra styrktar eða 21,6% (fjöldi). Sótt var um ríflega 866 milljónir króna en rúmum 202 milljónum króna veitt eða 23,3% (upphæð). Hlutfall verkefnastyrkja af úthlutun Rannsóknasjóðs fyrir árið 2009 er 82,4% af fjölda en 64,5% af upphæð.

Stjórn Rannsóknasjóðs úthlutaði enn fremur einni milljón króna úr styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Að þessu sinni kom styrkurinn í hlut Ingu Reynisdóttur við Landspítala-Háskólasjúkrahús fyrir verkefnið *Áhrifagen á framvindu brjóstakrabbameins á litningi 8p12-p11*. Sjóðurinn var stofnaður 1985 til að efla rannsóknir í meinafræði manna og dýra.

Hér að neðan birtist yfirlit yfir úthlutunina sem skiptist í öndvegisstyrki (bls. 2), rannsóknastöðustyrki (bls. 3) og verkefnastyrki (bls. 4 o.áfr.).

Öndvegisstyrkir Verkefnisstjóri	Aðsetur	Heiti verkefnis	Styrkur
Einar Steingrímsson	Háskólinn í Reykjavík	Fléttufræði umraðana og orða	24.600
Eiríkur Rögnvaldsson	Háskóli Íslands	Hagkvæm máltækni utan ensku - íslenska tilraunin	14.535
Hannes Jónsson	Háskóli Íslands	Reiknisetur fyrir hönnun efna og íhluta	24.945
Vilmundur Guðnason	Hjartavernd	Breytingar í stærð og samsetningu skella í hálsæðavegg og tengsl orsakafátta - Langsniðsrannsókn	24.793
			Samtals: 88.873

Rannsóknastöðustyrkir			
Verkefnisstjóri	Aðsetur	Heiti verkefnis	Styrkur
Björn Waske	Háskóli Íslands	Bætt umhverfiseftirlit með fjarkönnun	4.440
Davíð Ólafsson	ReykjavíkurAkademían	Handritasamfélag - þekkingarsamfélag. Handritamenning í Kaldrananeshreppi á Ströndum 1850-1900	4.440
Eyja Margrét Brynjarsdóttir	Háskóli Íslands	Huglægir eiginleikar	4.579
Hilmar Viðarsson	Háskóli Íslands	Vefaukandi virkni aminosýkra - sameindalíffræðilegir ferlar	4.590
Valdimar Sigurðsson	Háskólinn í Reykjavík	Valhegðun neytenda á matvælum: Tilraunir í verslunum	4.440

Samtals: 22.489

Verkefnastyrkir: Verkfræði, tæknivísindi og raunvísindi			
<i>Verkefnisstjóri</i>	<i>Aðsetur</i>	<i>Heiti verkefnis</i>	<i>Styrkur</i>
Ágúst Kvaran	Háskóli Íslands	Ljóssundrun á sameindaskala; orkueiginleikar og ferli	5.098
Benedikt Halldórsson	Háskóli Íslands	Jarðskjálftinn í Ölfusi 29. maí 2008	5.690
Einar Örn Sveinbjörnsson	Háskóli Íslands	Oxun kísilkarbóns með hjálp alkalíjóna	4.480
Fjóla Jónsdóttir	Háskóli Íslands	Styrking á rafsegulvökvum með nanóögnum	4.310
Gissur Örlygsson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Lífvirkir málmígræðingar með gropinni byggingu	5.245
Magnús Már Halldórsson	Háskólinn í Reykjavík	Reiknirit fyrir þráðlaus net	3.110
Sigþór Pétursson	Háskólinn á Akureyri	Diarylmethyl ether-varnarhópar fyrir einsykrur og skyld fjölhydroxyefnasambönd	2.058
Snorri Þór Sigurðsson	Háskóli Íslands	Notkun stífra spunamerkja við rannsóknir á kjarnsýrum með EPR-spektróskópíu	9.360
Samtals: 39.351			

Verkefnastyrkir: Náttúruvísindi og umhverfisvísindi			
<i>Verkefnisstjóri</i>	<i>Aðsetur</i>	<i>Heiti verkefnis</i>	<i>Styrkur</i>
Andri Stefánsson	Háskóli Íslands	Rokgjörn efni í jarðhitagufu og eldfjallagasi	4.239
Guðmundur Óli Hreggviðsson	Mátis	Pan-Thermus - aðskilnaður tegunda	6.973
Ingibjörg Harðardóttir	Háskóli Íslands	Ónæmisfræðileg áhrif lífrænna mengunarefna sem finnast í hafi	3.914
Magnús Tumi Guðmundsson	Háskóli Íslands	Varmaflutningur frá kviku og heitu bergi í snertingu við vatn eða ís	3.000
Morten S. Riishuus	Háskóli Íslands	Ar-Ar aldursgreiningar á tertier-jarðlögum Íslands	2.360
Oddur Vilhelmsson	Háskólinn á Akureyri	Ljósóháðar sambýlisbakteríur strandfléttna	3.235
Ólafur K. Nielsen	Náttúrufræðistofnun Íslands	Íslenska rjúpan (<i>Lagopus muta</i>): Heilbrigði og stofnbreytingar	8.188
Páll Einarsson	Háskóli Íslands	Sprungusveimar Norðurgosbeltisins	4.259
Skúli Skúlason	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	Mikilvægi vistfræðilegra þátta fyrir þróun líffræðilegs fjölbreytileika: Mikilvægi breytileika í tíma og rúmi í náttúruvali fyrir þróun hornsíla í og við Mývatn.	6.550
Starri Heiðmarsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	Íslenskar fjörusvertur, þróunarsaga og flokkunarfræði	1.097
Valgerður Edda Benediktsdóttir	Háskóli Íslands	Áhrif n-3 fjölómétaðra fitusýra úr fóðri á staðsetningu próteina í himnuflekum og boðflutninga adrenergra viðtaka í hjartavöðvafrumum úr rottum	2.525
Þóra Árnadóttir	Háskóli Íslands	Jarðskjálftahrinur í Suðurlandsbrotabeltinu	6.583
Þóra Ellen Þórhallsdóttir	Háskóli Íslands	Framvinda gróðurs og vistkerfa við hörfandi jökla	4.332

Samtals: 57.255

Verkefnastyrkir: Heilbrigðisvísindi og lífvísindi			
<i>Verkefnisstjóri</i>	<i>Aðsetur</i>	<i>Heiti verkefnis</i>	<i>Styrkur</i>
Einar Stefánsson	Háskóli Íslands	Súrefnisbúskapur sjónhimnu í sykursýki	4.470
Eiríkur Steingrímsson	Háskóli Íslands	Boðleiðir til Mitf og val markgena	6.400
Gunnar Guðmundsson	Landspítali	Æðasjúkdómar í langvinnri lungnateppu	6.452
Helga Jónsdóttir	Háskóli Íslands	Efling heilbrigðis og sjálfsönnunar hjá fólki með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra	3.910
Hörður G. Kristinsson	Mátis	Lífvirk efni úr sjávarfangi: frá uppruna til hvarfstöðva	4.440
Inga Reynisdóttir	Landspítali	Áhrifagen á framvindu brjóstakrabbameins á litningi 8p12- 6.493 p11	
Ingileif Jónsdóttir	Landspítali	Langtíma T- og B-frumu ónæmisminni gegn kúabólu	6.508
Magnús K. Magnússon	Landspítali	Stofnfrumur og lungnakrabbamein: Eðlileg formgerð í samanburði við krabbameinsformgerð í þrívíðum ræktunum	6.310
Þorsteinn Loftsson	Háskóli Íslands	Fléttur kalixarena, sýklódextrína og dextrína sem lyfjaferjur	3.300
Þórarinn Guðjónsson	Háskóli Íslands	Bandvefslík umbreyting stofnfruma í brjóstkiptli	5.700

Samtals: 53.983

Verkefnastyrkir: Félagsvísindi og hugvísindi			
<i>Verkefnisstjóri</i>	<i>Aðsetur</i>	<i>Heiti verkefnis</i>	<i>Styrkur</i>
Birna Arnbjörnsdóttir	Háskóli Íslands	Enska sem "lingua franca" á Íslandi? Staða ensunnar og breytt máluhverfi	6.435
Brynhildur Davíðsdóttir	Háskóli Íslands	Hagrænt mat á þjónustu vistkerfa: Heiðmörk	7.420
Friðrik H. Jónsson	Háskóli Íslands	Lífsgildi Íslendinga 2009	6.020
Gerður G. Óskarsdóttir	Háskóli Íslands	Starfshættir í grunnskólum	5.944
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	Háskóli Íslands	Sálmæling á aðlögunarhæfni á starfsferli	1.095
Guðmundur Hálfðanarson	Háskóli Íslands	Mótun hins nútímalega einstaklings á Íslandi - menning, vald og kyngervi 1870-1950	6.360
Jón Gunnar Bernburg	Háskóli Íslands	Alþjóðleg gögn um félagslegan ójöfnuð og umhverfismál	3.500
Jón Ólafsson	Háskólinn á Bifröst	Gúlagslóðin: Saga Veru Hertzsch og sérbúðir fyrir "fjölskyldumeðlimi fñoðurlandssvikara"	2.102
Sigrún Aðalbjarnardóttir	Háskóli Íslands	Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi	3.862
Unnur Dís Skaptadóttir	Háskóli Íslands	Filippseyingar á Íslandi. Þátttaka og samþættingarferli	2.860
Þórhallur Eyþórsson	Háskóli Íslands	Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar	5.948
<i>Samtals: 51.546</i>			

Úthlutun úr Rannsóknasjóði samtals: 313.497
